



Ræða
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
á ráðstefnu um framtíð öldrunarmála
„Horft til framtíðar“
30. október 2007

Ágætu ráðstefnugestir

Þegar við komum hér saman til að ræða framtíð öldrunarmála í tilefni af merkjum afmælum Hrafnistu í Reykjavík og Hafnarfirði, verður mér hugsað til Margrétar móðursystur minnar sem nú býr í hárrí elli á Vífilsstöðum og nýtur góðrar þjónustu og umönnunar starfsfólksins, sjómannsekkju sem missti Eirík mann sinn fyrir nokkrum áratugum. Hann sigldi á Fossum Eimskipafélagsins öll stríðsárin, innanum tundurdufl, á hættuslóðum, komst með naumindum úr sjávarháska, horfði á féлага sína hverfa í hafið.

Hrafnista var stofnuð til að þjóna slíku fólki og hefur gert það vel, þúsundum Íslendinga. Þó er okkur hollt að minnast þess, okkur sem á árdögum 21. aldar sitjum við alsnægtarborð, að þegar Margrét móðursystir var að alast upp á Þingeyri við Dýrafjörð var Ísland enn, eins og það hafði verið um aldir, fátækasta landið í álfunni, samfélag bænda og sjómanna sem bar svipmót daglegra anna við að hafa í sig og á. Hagsæld fólksins var háð erfiðinu, gæftum og sjávarafla. Ærið oft var hart í ári, þúsundir fjölskyldna bárust í bökkum, húsakostur víða þröngur, oft tugir manna í litlu rými, kalt og napurt því kyndingin var af skornum skammti.

Samt hafði þjóðin kjark til að sækja fram, atorku til að halda á brattann, bar drauma í brjósti um betra líf, átti hugsjónaeld, vonina um nýja tíma.

Allt er þetta mikil saga, Íslandssagan á liðinni öld, saga af stakkaskiptum þjóðfélagsins, saga um glæst framfararskeið, hið mesta frá upphafi byggðar, saga um hvernig Íslendingar náðu í fremstu röð, skópu þjóðartekjur til jafns við þá sem ríkastir eru, gerðu réttinn til menntunar og umönnunar að hornsteinum þjóðfélagsins.

Og tíminn er í raun undraskammur, þróunin bundin við æviskeið Margrétar frænku minnar sem ég nefndi áðan, kynslóðarinnar sem óx úr grasi á fyrstu áratugum liðinnar aldar, fólksins sem nú býr í hárrí elli en skóp það Ísland sem við njótum, land tækifæra og velmegunar, sem skipar efstu sæti á öllum mælikvörðum sem notaðir eru til að meta árangur þjóða.

Án ævistarfsins sem þessi kynslóð hefur skilað væri þjóðin enn að berjast við að ná sér upp úr lægri sætum, stæðist á engan hátt samanburð við þá sem framúr skara og unga fólkið, sem nú hefur heiminn allan að athafnavelli, væri ekki búið jafn vel úr garði og raun ber vitni.

Útrásin, árangurinn í atvinnulífi, vísindum og á vettvangi lista er í raun afrakstur ævistarfsins sem kynslóð hinna eldri innti af hendi, verkanna sem þau létu í té.

Þjóðin er í mikilli þakkarskuld við þessa kynslóð, þakkarskuld sem ætti að vera létt verk að greiða ef tekið væri mið af auðlegðinni sem við nú njótum og arðinum sem fæst úr ólíkum greinum.

Það er því mikilvægt að ná samstöðu um að setja líf skjör aldraðra á forgangslistann og sýna þannig í verki þakklæti til kynslóðarinnar sem kom Íslandi í slíka afbragðsstöðu.

Það hefur löngum þótt kurteisi að þakka fyrir sig og sína og Íslendingum hefur fylgt sú venja að blessa góðgerðirnar sem boðnar eru, að standa upp frá borði að lokinni máltíð með þakklæti í huga.

Þessi góði siður þarf að móta afstöðu samfélagsins til aðbúnaðar þeirra sem aldraðir eru, stuðla að því að verkin tali, lýsi þakklætinu sem siðferðilega hlýtur að vera okkur efst í huga því hver og einn, já, sérhver Íslendingur, hefur notið góðs af ævistarfi þeirra sem nú ljúka senn göngu sinni.

Í ávarpi til þjóðarinnar á nýársdag 2006 nefndi ég að það væri til marks um siðmenningu hvernig þjóðar hvernig hún býr öldruðum ævikvöldið, gerir þeim kleift að njóta áráanna sem eftir eru, tryggir öryggi og aðhlynningu; sagði m.a.:

„Hér þurfa allir að leggjast á árar, Alþingi og sveitarstjórnir, hagsmunasamtök og atvinnulífið, sameinast um að finna lausn á brýnum vanda og skilja engan útundan í þessum eignum. Verkefnið er hafið yfir allan ágreining enda þakkarskuldin söm og jöfn hvar í flokki sem menn standa.“

Þessi ummæli eru ítrekuð hér um leið og ég minni á að öldruðum á eftir að fjölga til muna og líklegt er að kröfur þeirra sem nú eru yngri

verði meiri en hinna því yngri kynslóðir hafa vanist einstökum gæðum, lífsháttum sem byggja á hagsældinni sem hinir öldruðu færðu í þjóðarúið.

Það er því hagur allra aldurshópa að málefni aldraðra komist fremst í forgangsröð og þjónusta og aðbúnaður skipulögð með þeim hætti að vel nýtist í framtíðinni.

Umræðan um þjónustu við aldraða þarf líka ásamt öðru að taka mið af nýrri sýn á getu þeirra til að leggja þjóðfélaginu margvíslegt lið, vera virkir þátttakendur meðan kraftar og heilsa leyfa, gegna störfum vítt og breytt um samfélagið, njóta þess að halda áfram að skapa í samvinnu við okkur hin betri tíma fyrir alla Íslendinga, unga sem aldna, leggja grundvöll að framförum og nýsköpun á mörgum sviðum.

Lausnirnar á margvíslegum vanda sem blasir við í þjónustu við eldri borgara munu í ýmsum efnum verða auðveldari ef við breytum lögum og reglugerðum, skattlagningu, lífeyrisgreiðslum og bótakerfi á þann veg að gera þeim kleift að halda áfram að verða að liði svo lengi sem getan leyfir. Framlag hinna eldri og þjónustan við þennan þjóðfélagshóp eru því tvær greinar á sama meiði.

Við þurfum nýja sýn, nýjan hugsunarhátt, þar sem tekið er mið af fjölbreytninni og hverjum og einum veitt í senn tækifæri og þjónusta sem best henta ólíkum einstaklingum.

Þúsundir Íslendinga sem sæmdir eru nafnbótinni eldri borgarar og tilkynnt að framlags þeirra sé ekki lengur óskað á vettvangi hinnar daglegu anna gætu auðveldlega haldið áfram að styrkja efnahag landsins, auðga menningu okkar og þjóðlíf ef þjónustukerfið væri sniðið á annan hátt, ef það gæfi einstaklingum í senn hvatningu og heimild til að vera áfram virkir og fá um leið þá þjónustu sem hentar hverjum og einum.

Hugmyndafræðin sem í áratugi hefur legið til grundvallar þjónustunni við hina eldri hefur nánast alfarið miðast við að í hinni öldruðu sveit séu bara þiggjendur sem geti ekki um leið verið í ríkum mæli veitendur, þátttakendur, gerendur, skapandi afl í framför landsins.

Við þurfum að breyta þessari hugsun, taka mið af nýjum tímum og sníða lög og reglugerðir, siðvenjur og þjóðfélagshætti að þeim veruleika að fjölmargir hinna eldri geti í ríkum mæli verið í senn þátttakendur í skapandi starfi og þiggjendur þjónustunnar.

Við þurfum að gefa einstaklingum kost á því að vera virkir svo lengi sem heilsan leyfir án þess að bætur, lífeyrir eða þjónusta skerðist vegna slíkrar þátttöku í þjóðfélaginu um leið og við veitum öllum sem þurfa á

ríkulegri þjónustu að halda, svo sem dvöl á vistheimilum, hjúkrun eða læknishjálp, þá umönnun og aðstoð sem við frekast getum látið í té.

Þróunin í aðstöðu hinna eldri er meðal brýnustu verkefna okkar tíma og mikilvægt að allir sem ábyrgð bera – ríki, sveitarfélög, atvinnulíf og almannasamtök – taki saman höndum og móti reglur og rétt á grundvelli hugsunar sem hæfir breyttum tímum.

Því fagna ég sérstaklega ráðstefnunni sem hér er haldin um leið og ég óska Hrafnistu allra heilla, þakka fyrir þá þjónustu og gleði sem þúsundir Íslendinga hafa þar notið.